



Fundargerð

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

26. fundur, laugardaginn 6. mars, kl. 9:00-12:20

í Orkugarði, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Anna Sverrisdóttir, Björg Eva Erlendsdóttir (frá kl. 10:00), Elín R. Líndal, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni Jóhannesson, Hjörleifur Kvaran, Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Árnadóttir, Stefán Arnórsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Kristinn Einarsson og Sveinbjörn Björnsson .

Fjarverandi: Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu) og Kjartan Ólafsson (formaður faghóps III).

Fundarfrásögn

- Fundargerðir.** Fram komu nokkrar athugasemdir við fundargerð. Kristín Huld mun senda starfsmanni breytingar sínar. Svanfríður og Þóra hafa ekki sent inn athugasemdir vegna fundargerðar 29. jan.
- Kynning frá faghópi um sjálfbærni jarðhita.** Jónas Ketilsson, formaður faghóps um sjálfbærni jarðhita, kynnti stöðu vinnunnar og innihald skýrslu hópsins. Verið er að leggja síðustu hönd á kafla um tillögur að reglugerð um jarðhitanýtingu. Skýrslan mun koma út fyrir páska. Undir kynningu Jónasar spunnust umræður um starf og verkefni faghópsins og hugtakanotkun.
- Kynningar- og umsagnarferli.** Umsagnarferli mun standa frá 8. mars til 19. apríl. Fyrsti kynningarfundur verður haldinn í Reykjavík 9. apríl og verður hann sendur út á netinu. Mikilvægt er að auglýsa fundinn vel og koma til skila að ekki sé um að ræða lokaniðurstöðu rammaáætlunar. Sama á við um aðra kynningarfundir. Starfsmaður skal hafa samband við meðlimi verkefnisstjórnar og kanna hvort þeir vilji taka þátt í fundarferðum.
- Framhald vinnunnar.** Rætt var um hvað taki við í kjölfar útgáfu skýrslu um niðurstöður faghópa. Staða framvinnunnar er óviss þar sem lagafrumvarp er ekki komið fram þannig að ekki liggur fyrir í hvaða mynd niðurstaðan skal verða. Á móti kemur að tímafrestur skila er fastákveðinn í byrjun maí. Staða friðaðra svæða veldur helst töfum, þ.e. að formlega er ekki bannað að stofna til virkjunarframkvæmda á friðuðum svæðum þótt sækja verði um formlegt leyfi opinberra aðila í slíkum tilfellum. Ljóst virðist að sumir virkjunarkostir sem metnir hafa verið eru á friðuðum svæðum og aðrir kostir sem standa utan friðaðra svæða munu hafa áhrif í innan þeirra. Friðrik taldi að ef ekki yrði tekið tillit til sjónarmiða verndunar væri hætt á að erfitt yrði að ná sátt um niðurstöðu 2. áfanga. Hann taldi enn of mikla áherslu á virkjunarþáttinn; „verndun“ og „nýting“ eigi að hafa jafna stöðu. Þá hafi sjónarmið náttúrverndar ekki komið inn í matsvinnuna. Svanfríður og Guðni tóku ekki undir skoðun Friðriks og ítrekuðu að lagafrumvarpið vanti til að ákvarða um málið. Kristín Huld minnti á að fornleifar ekki síður en náttúran gætu kallað á vernd.

5. **Athugasemd frá Samorku.** Að loknum síðasta fundi verkefnisstjórnar sendi Hjörleifur, fulltrúi Samorku, formanni bréf þar sem kvartað var undan þeim vinnubrögðum faghópa I og II að meta stór svæði sem eina heild í stað þess að hluta þau niður í minni svæði er tæki mið af einstökum virkjunarkostum. Í hlut áttu fyrst og fremst Torfajökulssvæðið og Kerlingafjöll. Formaður hafði sent Hjörleifi skýringar í bréfi að höfðu samráði við formenn faghópa I og II. Fram fóru umræður um málið en Hjörleifur taldi málinu ekki lokið.

6. **Verklag framhaldsvinnu.** Rætt var um hvaða verklag hentaði best við vinnu verkefnisstjórnar á næstu vikum. Sveinbjörn bar upp þá hugmynd að skipta ferlinu í tvennt þar sem fyrsta skref yrði að skipta svæðum í tvo flokka; verndar og nýtingar. Síðan yrði aðeins raðað í forgangsröð þeim svæðum sem lentu í nýtingarflokki. (Formaður yfirgaf fundinn og Anna tók við fundarstjórn.) Stefán benti á að mjög langt væri milli sjónarmiða verndunar og nýtingar og taldi að óskipt verkefnisstjórn kæmist seint áfram í vinnunni; því væri ráð að skipta stjórninni upp í fámennari vinnuhópa. Guðni lýsti þeirri skoðun að þeir kostir sem ekki hefðu verið metnir færu í biðflokk. Fram komu óskir um að fljótlega yrði settur á fundur þar sem fram færu rökræður um málefnið. Einnig kom fram sú skoðun að e.t.v. kæmu fleiri en ein lokatillaga frá verkefnisstjórn ef ekki tækist að ná málamiðlun. Um þetta voru skoðanir skiptar.

7. **Fundi var slitið** kl. 12:20. Tímasetning næsta fundar var ekki ákveðin.